

Ritdómar

Bruno Kress: *Isländische Grammatik*. VEB Verlag Enzyklopädie, Leipzig, 1982. 307 bls.

1.

Þessi nýja bók Bruno Kress um íslenska málfræði er mikið rit; 307 bls. í allstöru broti og með fremur smáu lettri. Fyrri hlutarnir tveir, Lautlehre og Formenlehre, eru endurskoðun bókar höfundar *Laut- und Formenlehre des Isländischen* frá 1963; en seinasti hlutinn, Satzlehre, er nýr, og hefur höfundur safnað til hans geysimörgum dæmum úr bréfum, bókum, blöðum og tímaritum, að því er segir í formála (bls. 9). Meginhluti þessara rita er frá síðustu 20–30 árum, svo að dæmin ættu að gefa sémilega hugmynd um íslenskt nútímamál; en galli er það vissulega að ekki skuli höfð meiri hliðsjón af talmáli. Þá hefði höfundur gjarna mátt hafa hliðsjón af nýrri verkum en eigin doktorsriti (1937) og beygingafræði Valtýs Guðmundssonar (1922, sem heitir ekki *Ísländsk Nutidssprog* eins og segir á bls. 9, heldur *Ísländsk Grammatik*; hitt er undirtitill) við samningu fyrri kaflanna tveggja; en viðurkennt skal að þar er ekki um auðugan garð að gresja. Þarna nýtur höf. þó ítarlegs ritdóms Hreins Benediktssonar í *Íslenzkri tungu* 6 (1965); hefur höf. farið eftir flestum athugasemdum og leiðbeiningum Hreins, og er það ótvírætt til bóta. En sitthvað hefur breyst í íslensku hljóðkerfi og beygingakerfi á síðustu 50–60 árum, þótt ekki sé um nein grundvallaratriði að ræða.

Höfundur segir í formála að bókinni sé ekki fyrst og fremst ætlað að vera kennslubók, heldur lýsing nútímamáls. Í samræmi við það inniheldur hún enga leskafla né æfingar. Hins vegar er ýmislegt í henni sem strangt tekið kemur nútímamáli ekki við. Það mun þó með ráðum gert, því að höfundur bendir á (bls. 7) að áhugi margra á nútímaíslensku vakni við lestur forn málsins, og því sé hentugt að halda svipaðri flokkun og í handbókum um forníslensku.

En hvaða íslenska er það sem höfundur er að lýsa? Hann tekur skilmerkilega fram að framburður sé ekki eins um allt land, en segir að öll landfræðilega skilyrt framburðarafbrigði séu jafn rétt há (bls. 8); einnig að „Wie in der Aussprache, so ist auch für die Formenlehre keine Normative Grundlage gegeben“. Samt segir hann að skipti á [t] fyrir [e] og [γ] fyrir [ʒ] sé *stálmáli*, „die keineswegs angenommen werden sollte“ (bls. 20 og 21). Einnig segir hann (bls. 134) að *ráða* geti „fälschlich“ haft þt. *réði*, sem ég held að sé mun algengari í nútímamáli en *réd*. Það er erfitt að sjá hvers vegna þessi mynd er fordæmd, en ýmsar aðrar tvímyndir viðurkenndar. Sömu leiðis eru myndir eins og *hellirar*, *hellrar* í stað *hellar* kallaðar „falsche Formen“ (bls. 59).

Þá vekur það athygli að hvergi er minnst á „þágufallssýki“. Hvaða skoðanir sem menn kunna að hafa á fyrirbærinu er ljóst af könnun Ástu Svavarsdóttur (1982) að lýsing íslensks nútímamáls getur ekki gengið þegjandi fram hjá því.

Um bókina í heild er annars það að segja, að þar er geysmiklum fróðleik saman safnað, og óvíða um alvarlegar missagnir að ræða. Hins vegar hefði ég kosið nokkuð aðra uppsetningu. Bókinni er skipt í 659 greinar (paragraffa), og síðan er greinunum safnað saman í misstóra kafla með sérstökum fyrirsögnum. Einstakar greinar eru hins vegar fyrirsagnarlausar. Sumum þeirra er svo skipt nánar niður í tölusetta liði. En mér finnst allt of erfitt að fá yfirsýn yfir efnið með þessu móti; og ekki bætir það úr skák að í efnisyfirliti (bls. 11–15) eru engin blaðsíðutöl tilgreind, aðeins kaflaheitin og númer þeirra greina sem falla undir hvern kafla.

Ég held að mun betur gefist að nota stigveldisuppbyggingu („híerarkískan strúktúr“) eins og t. d. er venja í þessu tímariti; þ. e. skipta fyrst í nokkra meginkafla og númera þá 1, 2, 3 o. s. frv.; skipta síðan hverjum þessara meginkafla niður í 1.1, 1.2, 1.3, og skipta síðan enn niður ef með þarf í 1.1.1, 1.1.2 o. s. frv., og gefa hverri einstakri grein fyrirsögn og nefna hana (ásamt blaðsíðutali) í efnisyfirliti. Með þessu móti er margfalt auðveldara að rekja sig frá meginatriðunum til hinna smærri, og bókinn verður mun nothæfari sem uppfléttibók. Til þess hlýtur hún nefnilega að vera ætluð, a. m. k. öðrum þræði; annars er erfitt að sjá tilgang í því að lýsa sömu hlutunum aftur og aftur, en mikið er gert af því. Þannig er t. d. framburði sambandanna *rl* og *rn* lýst á a. m. k. fjórum stöðum, og svipað er að segja um þær reglur sem gilda um nefnifallsendingu *no*, og *lo*. í kk. et. s. b.

Almennt séð finnst mér það helsti galli bókarinnar hve oft er lítill munur gerður á aðalatriðum og aukaatriðum, því sem algengt er og því sem er sjaldgæft, og ósambærileg atriði tekin saman. Nokkur dæmi um þetta verða tekin hér á eftir. Skylt er þó að geta þess, að mjög oft nefnir höfundur að ákveðin mynd sé úrelt, eða aðeins notuð í upphöfnum stíl, eða „umgangssprachlich“, og eru þessar athugasemdir yfirleitt réttar.

Skiptingu efnisins í meginkafla er líka ábótavant. Í fyrsta kaflanum er fjallað um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði jöfnum höndum, eins og reyndar í öðrum sambærilegum bókum; en ég held að betra væri að hafa hljóðlýsinguna alveg sér. Inn í þennan kafla kemur einnig yfirlit yfir hljóðvörp og klofningu og fleiri málsöguleg atriði; mest af því er óþarft í lýsingu nútímamáls, en að svo miklu leyti sem það hefur eitthvert gildi held ég að það væri best komið í sérstökum kafla um hljóðbeygingu (morfófonémik), eins og Hreinn Benediktsson (1965) benti líka á. Inn í þann kafla mætti þá einnig fara ýmislegt úr beygingafræðinni. Þá mætti flytja sitt-hvað úr beygingafræðikaflanum yfir í setningafræðina, einkum lýsingu á ýmiss konar sagnasamböndum (bls. 147–166). Raunar er talsvert af því sem þarna er flokkað undir setningafræði fremur merkingafræðilegs eðlis; en út í það verður ekki farið hér.

2.

En lítum nú á hljóðfræðikaflann, og staðnæmumst fyrst við hljóðritunina. Hún er nokkuð frábrugðin því sem tíðkast hefur í íslenskum kennslubókum, einkum

hvað varðar lokhljóðin. [p, t, k_j, k] eru án fráblásturstáknsins [h], og [b, d, g_j, g] án afróddunarhringsins. Ég kann hálfilla við þetta, en segja má (sbr. Hreinn Benediktsson 1965) að þetta skipti ekki miklu, þar sem skýrt er frá fráblæstri hinna fyrrnefndu og röddunarleysi hinna síðarnefndu þegar í upphafi. Hins vegar finnst mér hæpið að láta stafsetninguna ráða hvort notað er [p, t, k_j, k] eða [b, d, g_j, g] á eftir samhljóði í bakstöðu, og hljóðrita (bls. 23) *löng* sem [løyŋg], en *hönk* sem [höyŋk]. Yfirleitt mun þarna um sama hljóð að ræða í framburði (sjá Magnús Pétursson 1976:60), enda bendir höf. á (bls. 38) að þarna sé mjótt á munum.

Fyrir *hj-* (*hé-*) notar höf. [x_j] (í stað [h, ç, ʃ]) sem notað hafa verið í íslenskum bókum) og fyrir uppgómmælt raddað önghljóð [q] eins og bæði Björn Guðfinnsson og Magnús Pétursson hafa gert.

Hljóðritun sérhljóða er að mestu hefðbundin; þó er notað [ʒ] í stað [ö] eða [œ]. Höf. hefur lagt af að hljóðrita *i, e, u, ö* og *o* sem [i], [e], [ø], [ö] og [o], og er það vel. Hér verður þó að gera athugasemd varðandi tvíhljóðið *au*. Það er yfirleitt hljóðritað [øy], en þegar það er skrifað *-ögi-* er hljóðritunin [öi] (bls. 22), og þessi athugasemd fylgir: „Auch geschriebenes *au* erhält den Lautwert [öi]: *laugin* [lói:jm] . . .“ Helst virðist eiga að skilja þetta svo að uppruninn ráði þarna einhverju um mismunandi framburð, en frb. á *laugin* sé e. k. áhrifsbreyting. Að vísu greinir menn á um hvort seinni hluti þessa tvíhljóðs sé kringdur eða ekki; Magnús Pétursson (1976:45) hljóðritar [öi], en segir að seinni hluti hljóðsins sé oft a. n. l. kringdur. En hvað sem um það er, þá skiptir uppruni þarna ekki máli.

Sambönd sérhljóðs + *gi* eru hljóðrituð með löngu tvíhljóði; *hagi* [hai:jɪ]; þótt það sé í samræmi við hefð, held ég að ef einhver lengd er táknud á annað borð sé réttara að hafa hana á samhljóðinu: [hai:jɪ].

Við hljóðlýsinguna má gera nokkrar athugasemdir. Sagt er að fyrri hluti tvíhljóðsins [ei] sé sama hljóð og stofnsérhljóðið í þ. *geben*. Mér heyrir þýska hljóðið vera greinilega lokaðra, en hef að vísu engar mælingar að styðjast við.

Övunjulegt má telja að talað er um sérstakt *s*-hljóð í sambandinu *sj*, og má það e. t. v. til sanns vegar færa fyrir þýsk eyru, þótt Íslendingar taki ekki eftir því. Hitt er ekki rétt, að í kringdum *hv*-framburði sé sama hljóð og í e. *water*, þ. e. [w] (bls. 33). Slíkur framburður heyrir, held ég, aðeins hjá þeim sem eru að reyna að koma sér upp *hv*-framburði af lítilli þekkingu. Einnig er hæpið að halda því fram (bls. 26, 33) að í *hC*-samböndum (*hjálpa, hljóta, hnýta, hrjóta* o. s. frv.) tákni [h] bara afróddun eftirfarandi samhljóðs. Magnús Pétursson telur (1976:60) að í slíkum samböndum sé samhljóðið oft raddað.

Á bls. 17 er smágrein með yfirskriftinni „Silbentrennung“; þar er þó aðeins um að ræða reglur um skiptingu milli lína, en hún þarf ekki að vera sú sama og atkvæðaskipting (sjá Kristján Árnason 1980). Þá er í kaflanum um áherslu (bls. 18) ekki gerð næg grein fyrir aukaáherslu á þriðja atkvæði; að vísu er tekið fram að hún geti komið fyrir, en líklega er hún skyldubundin undir vissum kringumstæðum (sjá grein Kristjáns Árnasonar (1983, í þessu hefti)). Í sambandi við lengdarreglur (bls. 19) hefði mátt minnst á undantekningar á undan ef.-s, svo og lengd í samsettum orðum, þótt erfitt sé að gefa reglur um hana.

Á bls. 28–37 er kafli sem heitir „Lautliche Entsprechungen der Konsonantzeichen“; þar eru teknir fyrir allir bókstafir sem tákna samhljóð (nema *x*, sem virðist hafa gleymst), og gerð grein fyrir því fyrir hvaða hljóð þeir standa í hvaða umhverfi. Þessi upptalning er ágæt, svo langt sem hún nær; en hér sem víðar held ég að önnur uppsetning hefði verið betri, sem sé að ganga út frá reglum, en ekki hinum einstöku bókstöfum. Það er að vísu gert að nokkru leyti, en ekki nándar nærri nóg að mínu mati. Uppsetning höf. veldur því nefnilega að sama atriðið er nefnt aftur og aftur, eins og áður er dregið á; en það er kannski ekki það versta, heldur hitt, að því sem er í raun og veru sama fyrirbærið er lýst á mörgum stöðum án þess að gerð sé nægileg grein fyrir tengslunum. Kannski gerir þetta sitt gagn í uppflettibók; en þá þyrfri efnisyfirlitið að vera betra, eins og áður sagði.

Hvergi er minnst á innskotshljóðið í samböndunum *sl-*, *sm-* og *sm-*; alltaf hljóðritað [sl], en ekki [sd] eða [sd] o. s. frv. Flestar algengustu framburðarmállýskur eru hins vegar nefndar. Þó er sagt (bls. 27, 37) að *l* sé óraddað á undan *t* í norðlensku en svo er ekki alltaf, eins og kunnugt er (sjá t. d. Baldur Jónsson 1982).

Kafli um hljóðvörp og klofningu finnst mér varla eiga heima í bókinni, eins og áður segir; en fyrst hann er þarna, hefði átt að setja hann öðru vísi upp svo að hann kæmi að mestu gagni við það sem honum er ætlað; þ. e. lýsingu hljóðavíxla í beygingu. Best hefði verið að gera grein fyrir því hvaða hljóð skiptast á, og undir hvaða (hljóðfræðilegum eða beygingarlegum) kringumstæðum í NÚTÍMAMÁLI, og síðan benda á hvar þessi víxl koma helst fram (*i*-hljóðvarpsvíxl t. d. í kk. *u*-stofnum, veikum sögnum af 1. flokki, vh. þt., stigbreytingu lo. o. v.). Í þessum kafla er blandað saman atriðum sem hafa gildi í beygingarlýsingu nútímamáls og öðrum sem hafa það alls ekki.

Ýmis smávægileg atriði má nefna. Á bls. 17 er heiti bókstafsins *Q* hljóðritað [kú:] í stað [ku:]. *Vekja* er á einum stað hljóðritað [ve:kja] (bls. 19), sem er auðvitað ekki rangt, en í ósamræmi við það að annars er miðað við sunnlenskan framburð. *Kennt* er hljóðritað [kennt] (bls. 26), ætti að vera [k₁en₁t]. *e* í orðinu *riflegur* er sýnt með hálfri lengd (bls. 32), en það er varla rétt. Ef *sjaðls* er hljóðritað [sjaulfs] (bls. 40), ætti að vera [sjaulvs]. Þá held ég að frb. [ulna] fyrir *úldna* (bls. 40) og [laist] fyrir *læðst* (bls. 41) sé sjaldgæfur. Framburðurinn [d] í sambandinu *-lls-* (bls. 41) er til, a. m. k. í ef. *Halls(son)*.

Á bls. 48 segir að sérhljóði verði að fara næst á undan eða eftir *r*; þetta er ónákvæmt, því að *r* kemur fyrir milli samhljóða í framstöðuklösum eins og *skrjóður*. Þt. af *spyrna* (bls. 41, 50) er nú yfirleitt *spyrnti*, ekki *spyrndi*, en þt. *ræna* (bls. 50) *rændi*, ekki *rænti*. Á bls. 32 er nefndur frb. *Steffán*; en því þá ekki *slauffa*?

Bágt á ég með að trúa því að *i* geti orðið óraddað önghljóð ([x₁] í hljóðritun höf.) í bakstöðu í orðum eins og *ný* (bls. 38). Ég er heldur ekki viss um að endingin *-unum* í þgf. ft. m. gr. sé alltaf borin fram [ɔnym]; best gæti ég trúað því að algengasta hljóðið þar væri „schwa“, þ. e. frb. [ənym].

3.

Beygingafræðin er að mestu hefðbundin, og ræður þar viðmiðunin við hefðbundna beygingarflokkun forn málsins; þó er sums staðar vikið frá henni. Nafn-

orðum er fyrst skipt í sterka og veika beygingu, en síðan er sterku beygingunni skipt í fernt; *a*-flokk, *i*-flokk, *u*-flokk og samhljóðaflokk. Þetta svarar til hinnar gömlu flokkunar nema hvað *ð*-stofnar eru taldir til *a*-flokks (einnig er *kk. ja-* og *ija*-stofnum slegið saman í einn flokk). Höf. hefur breytt flokkun sinni nokkuð eftir ábendingum Hreins Benediktssonar (1965), og miðað við forsendur hans er hún sjálfsagt ein sú skásta sem völ er á. Út frá sjónarmiði nútímamáls held ég þó að best hefði verið að flokka fyrst eftir kynjum, greina síðan í sterka og veika beygingu innan hvers kyns, og síðast í beygingarflokka innan sterku beygingarinnar. Þá er engin ástæða til að greina *u*-stofna frá *i*-stofnum í nútímamáli; endingarnar eru hinar sömu, og þótt sérstakar hljóðbreytingar verði í *u*-stofnum (*köttur*, *fjörður*, *háttur*) réttlætir það varla að hafa þau sérstakan flokk, fremur en t. d. *ketill* sem talið er til *a*-stofna.

Nokkrar smávægilegar athugasemdir skulu gerðar hér við umfjöllun um nafnorðabeygingu. Ég held að orðin *demant* og *smaragð* (bls. 59) fái yfirleitt endingu í nf. et.; *demantur* og *smaragður*. Orðin *tónn*, *prjónn*, *barón*, *stúdent*, *Bergþór* (bls. 60) og *vinur* (bls. 84) fá eða geta a. m. k. fengið *-i* í þgf. et. Í þgf. et. m. gr. er yfirleitt sagt *pottinum*, ekki *pottnum* (bls. 60). *Höfundur* er varla *höfunds* í ef., *vindur* varla *vindar*, *skógur* síður *skógs* (bls. 61). Tekið er fram (bls. 61) að ýmis karlmannsnöfn fái *-ar* í ef. í stað *-s*, en í samsetningum geti hvort tveggja komið til (*Sigurðar*, en *Sigurðsson*); þetta á þó aðeins við sum þeirra nafna sem nefnd eru; *Þórðsson er útilokað.

Háðung og *nýjung* fá varla *-u* í þf. og þgf. et. (bls. 65–66). *Byrði* mun nú yfirleitt vera óbreytt í ef. et. (beygjast eins og *lygi*) í stað þess að fá *-ar*-endingu (bls. 67). *Matur* fær *-ar*-ft. (ef það er notað í ft. á annað borð) en ekki *-ir* (bls. 68); og *salur* fær yfirleitt *-ar* en ekki *-s* í ef. (bls. 68). *Tugur* fær nú mjög oft *-s* í ef. et. (bls. 68). Á bls. 70 er sagt að *leikur* hafi bæði ft. *leikir* og *leikar*; þarna er þó merkingarmunur á, og hæpið að líta á *leikar* sem ft. af *leikur*, heldur sem sérstakt orð sem aðeins sé notað í ft. Þá er ekki rétt (bls. 70) að *afurðir* sé aðeins til í ft., et. *afurð* heyrir oft.

Ef. *fingerar* held ég að sé vart notað, þótt höf. stíli því upp (bls. 74) við hlið *finger*s án athugasemda. Hins vegar er ekki nefnt ef. *veturs* í stað *vetrar*, sem þó er algengt. Ekki er heldur minnst á að *fætur* eru oft hafðir í kvk. í ft. (*fætturnar*). Orðin *brik* og *flik* (bls. 77) fá yfirleitt *-ur* í ef. et., held ég.

Það er alltaf vafamál hvenær nota á (eða má) *-n-* í ef. ft. veikra kvenkynsorða. Ég get t. d. hugsað mér að hafa það í eftirtöldum orðum, sem höf. gefur án þess (bls. 79–80): *hilla*, *kempa*, *rúða*, *sígaretta*, *fata*, *krafa* o. e. t. v. fl. Aftur á móti myndi ég ekki hafa það í *leiga*, eins og höf. gerir (bls. 80). Þá er það e. t. v. prentvilla þar sem stendur (bls. 81) að ft. af *leikandi* sé [lei:gi, endyr]; í slíkum orðum verður ekki framgömun.

Um notkun greinisins er það helst að segja að *-i-* fellur ekki alltaf brott úr honum í orðunum *tré* og *hné*, og alls ekki í *hlé*. Þá er hægt að setja upp einfaldar reglur um hvenær stofnsérhljóð greinisins fellur brott (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1983a:73).

Í lýsingarorðabeygingunni hefði mátt draga miklu betur saman aðalatriðin.

Þannig eru sérstök beygingardæmi bæði fyrir *ríkur* og *svalur*, þótt eini munurinn sé að *u*-hljóðvarp er í seinna orðinu. Því er hægt að lýsa með fáum og einföldum reglum, sem gilda ekki bara fyrir lýsingarorð, heldur líka nafnorð og sagnir, og hefði átt að duga að geta þess í eitt skipti (sem reyndar er gert í hljóðfræðikaflanum, bls. 44, en þar er ekki dregið saman hvernig það verkar í nútímamáli), og vísa síðan í það, í stað þess að setja upp sérstök beygingardæmi í hvert skipti. Sérstök beygingardæmi eru líka sett upp fyrir *háll*, *hreinn* og *gamall*, þótt þær reglur sem þar eru að verki hafi þegar komið fram í nafnorðabeygingunni; einnig fyrir *fagur*, sem sama gildir um.

Auðvitað má segja að ekkert geri til að hafa mörg beygingardæmi; en það versta er, að hvergi kemur greinilega fram að í meginatriðum eru aðeins tveir flokkar lýsingarorða; annars vegar þau sem enda á *-inn* og *-ill*, og hins vegar öll önnur. Það er villandi uppsetning að troða beygingardæmum fyrir *litill*, *heiðinn* og *talinn* inn á milli *gamall* og *fagur*.

Í stigbreytingu lo. er oft stillt upp tveim myndum hlið við hlið, án athugasemda; stundum er þó önnur myndin nær einhöfð, en hin úrelt eða hefur aldrei verið notuð. Þannig held ég að yfirleitt sé sagt *dýrari*, *dýrastur* en ekki *dýrri*, *dýrstur*; *frægari*, *frægastur* en ekki *frægri*, *frægstur*; *gleggri*, *gleggstur* en ekki *glögg(v)ari*, *glögg(v)astur* (bls. 92); *þrástur*, ekki *þrástur*; *trúastur*, ekki *trústur*; *kærstur*, en ekki *kærstur*; *skærstur*, ekki *skærstur*; *magurri* eða *magrari*, en ekki *megri*; *fegurri*, en síður *fegri* (bls. 93); *aftari*, en alls ekki *eftri* (bls. 95).

Fyrst bent er á hinar úreltu myndir *blám*, *blán* (bls. 86) mætti taka með myndir eins og *hállri* fyrir *hálli*. Þá er hk. ytt af *yddur* varla til (bls. 85), heldur notað *yddað*. *Glær* hefur varla myndina *glæjan* í þf. í nútímamáli (bls. 90). Þá er ekki rétt sem segir um tökuorðin *flott* (bls. 87) og *smart* (bls. 92) að þau séu endingarlaus í kk. et. nf.; myndirnar *flottur* og *smartur* heyrast oft, og eins getur *smart* orðið *smört* í kvk. et. og í ft.

Um atviksorðin er fátt að segja. Þó kom mér undarlega fyrir sjónir að höf. telur að ao. eins og *vandlega* séu mynduð með viðskeytinu *-a*, af því að til sé lo. *vandlegur* (sbr. *illa* af *illur*); hins vegar sé ao. *ágætlega* myndað með viðskeytinu *-lega*, af því að til þess svarar lo. *ágætur* (ekki **ágætlegur*). Fyrst gera þarf ráð fyrir sérstöku *-lega*-viðskeyti í ao. á annað borð, sé ég ekki ástæðu til að gera þennan mun.

Miðstigin *austar* og *eystra* (sem og aðrar áttir) setur höf. hlið við hlið (bls. 99) og þýðir bæði „weiter nach (im) Osten“. Hér er þó alls ekki um sama hlutinn að ræða; *Jón er sunnar* þýðir ekki sama og *Jón er syðra*.

Í beygingu töluorða er það helst að nefna, að orðið *báðir* er talið þar með. Ég held að það eigi ekki rétt á sér; setningafræðilega hagar þetta orð sér ekki eins og töluorð, heldur eins og óákveðin fornöfn s. s. *allir*.

Þá eru athugasemdalaust innan um algeng töluafnorð eins og *tugur*, *tylft*, *hellingur*, *þriðjungur* (bls. 102), tilfærð önnur sem eru aldrei notuð; *fimmt*, *átt*, *tvenning*. Nöfnin á spilunum *fimm*, *sex* og *sjö* (bls. 103) eru líka til í kvk.; *fimma*, *sexa*, *sjöa*. Einn getur ekki haft þf. *einan* ef það er notað sem to. (bls. 100); og 2/2 er ekki lesið *tveir hálfir* (102).

Þar sem fjallað er um fornafnabeygingu hefði mátt draga betur fram líkindi hennar við lýsingarorðabeygingu. Þar sem talað er um þérun (bls. 104) er ekki kveðið nógu sterkt að orði um minnkandi notkun hennar. Einnig hefði mátt geta um í sambandi við *nokkur* (bls. 111) og *einhver* (bls. 112) að sá greinarmunur sem gerður hefur verið á notkun *nokkurt/eitthvert* annars vegar og *nokkuð/eitthvað* hins vegar er mjög á undanhaldi.

Þá er villandi að setja formin *engan* og *öngvan* o. s. frv. upp hlið við hlið; að vísu er sagt að „Die Formen *öngvan* usf. gehören der Umgangssprache an, schriftsprachlich werden sie kaum verwendet“; en ég held að siðarnefndu formin séu líka að hverfa úr talmáli. Þá er við hlið nf. ft. kk. *hverjir* sett *hverir*, sem alls ekki er notað. Fornafnið *manni* er ekki heldur notað í nútímamáli.

Eitthvað er höf. hikandi í afstöðu sinni til tilvísunarorðanna *sem* og *er*. Hann segir (bls. 113): „Wie ein Relativpronomen fungiert die indeklinable Partikel *sem* . . .“ Samt talar hann t. d. um „Relativpartikeln regierende Präpositionen . . .“ (bls. 113), og segir að „*Sem* und *er* stehen für jeden Kasus des Singulars und des Plurals“ (113). Þennan tvískinnung er ekki hægt að losna við nema viðurkenna að *sem* og *er* séu tengingar, en ekki fornöfn, eins og Höskuldur Þráinsson (1980) hefur sýnt fram á.

Flokkun sagna er hefðbundin; þeim er fyrst skipt í veikar sagnir og sterkar, og veikum sögnum síðan í fjóra flokka (1., 2., 3. og 4., sem svara til *ja-*, *ia-*, *ð-* og *ð-*sagna). Sterkum sögnum er skipt í 7 flokka; í þeim sex fyrstu eru 1.–6. hljóðskiptaröð, en í 7. flokki eru tvöföldunarsagnir. Að auki koma svo núþálegar sagnir. Til að viðhalda tengslunum við formmálið má líklega segja að þetta sé eðlilegt, en frá sjónarmiði nútímamáls mætti breyta þessari flokkun talsvert. A. m. k. mætti fella saman 2. og 3. flokk veikra sagna (*heyra* og *þora*); skilin þar á milli hafa ekkert gildi í nútímamáli. Þá finnst mér eðlilegt að gera ráð fyrir að í veikum sögnum af 4. flokki (*kalla*) sé *-a* hluti stofns. Með því móti verður bæði nf. et. og bh. þeirra reglulegur; ekki þarf að gera ráð fyrir sérstakri þátföarendingu, *-að-*, né telja það afbrigðilegt að *-a* sé ekki fellt brott í boðhætti.

Flokkun sterkra sagna er alltaf vandræðamál, bæði í íslensku og öðrum germönskum málum; oft eru undantekningarnar sem þó eru taldar til hvers flokks jafn margar og sagnirnar sem beygjast reglulega eftir flokknum. Augljóst er að ekki verður komist hjá allmörgum flokkum; en ég vil benda hér á athyglisverða uppstokkun Sigrúnar Þorgeirsdóttur (1982) á hinni hefðbundnu flokkun í nýrri B.A.-ritgerð.

Annars held ég að best hefði verið að taka í einu lagi persónu- og töluendingar allra veikra og sterkra sagna. Munurinn er nefnilega ótrúlega lítill, og má setja um hann einfaldar reglur að mestu leyti (sjá Halldór Ármann Sigurðsson 1982). Að minnsta kosti hefði verið gott að fá á einum stað yfirlit yfir endingarnar.

Ýmis smáatriði má auðvitað tina til um sagnbeyginguna. Á bls. 115 er réttilega sagt að allar nýjar sagnir séu veikar; þetta hefði mátt þrengja meira, því að nær allar nýjar sagnir munu fara í 4. flokk veikra sagna. Þá hefði gjarna mátt gefa reglur um það (bls. 122) hvort ending lh. þt. veikra sagna af 3. flokki er *-að-* eða *-ð-*; þótt undantekningarlausar reglur séu ekki til, er hægt að komast þar nokkuð

áleiðis (sjá Stefán Einarsson 1949:84–86). Draga hefði mátt líkindi 1. flokks veikra sagna við þær sterku betur fram. Þá þyrfti að nefna (bls. 142) stýfðan boðhátt (*farð, kond*, sjá Orešnik 1980), og benda á að ef neitun fylgir er mjög oft notaður nh. í stað bh.: *ekki fara*. Þar sem fjallað er um miðmyndina (bls. 145) hefði mátt leggja meiri áherslu á að það er tiltölulega sjaldan sem hægt er að líta á hana sem beygingarmynd af germyndinni, og oft er merkingin gerólík, eins og parið *fara*: *farast sýnir vel*.

Hljá (bls. 118), *ydda* (bls. 120) og *dúa* (bls. 123) eru nú yfirleitt beygðar eftir 4. flokki; *lára* og *glóa* (bls. 125) hins vegar ekki. Sagt er (bls. 126) að 2. pers. et. nt. fh. sterkra sagna sem enda á -x sé endingarlaus; ég veit ekki nema menn segi *þú vext*, rétt eins og *þú óxt* í þt. (bls. 133).

Nokkrar villur eru í upptalningu viðtengingarháttar þátíðar á bls. 139. Vh. þt. af *sá* er varla *sæði*; af *flá* varla *flæði*; af *þvo* *þvægi*, síður *þvæði*; af *þiggja* *þægi* ekki síður en *þæði*.

Á bls. 141 er myndin *ullum* (í stað *ollum*) af *valda* nefnd, innan sviga að vísu, en án athugasemda. Ekki hefði verið síður ástæða til að nefna (bls. 137) 1. pers. *ég vill*, svo og formin *munið/skulið* í stað *munuð/skuluð*, og bh. *keyptu* af *kaupa*. Hins er þó skylt að geta, að fátæklegar heimildir munu um þessi atriði á prenti, en höf. fjarri landinu og þar með talmálinu.

4.

Setningafræðin er að mörgu leyti merkasti kafli bókarinnar, enda mest nýnæmi að henni. Kaflinn er líka mikill að vöxtum; til samanburðar má nefna, að lesmálið í honum einum er svipað og í allri setningafræði Jakobs Jóh. Smára (1920), og þar við bætist umfjöllun um ýmis setningafræðileg atriði á við og dreif í beygingafræðikaflanum.

Í setningafræðikaflanum er mestu þúðri eytt á notkun greinis (12 bls.), fallstjörn forsetninga (24 bls.) og sagna (13 bls.) og tegundir aukasetninga (25 bls.). Í öllum þessum köflum er safnað saman mörgum dæmum og miklum fróðleik, en hætt er við að mörgum reynist erfitt að greina þar sauðina frá höfrunum. Hið almenna og hið einstaka stendur þar oft hlið við hlið, án þess að gerð sé nægileg grein fyrir muninum. Í öllum ofanefndum meginköflum skortir það helst að dregin séu fram meginatriðin. Ég skal nefna hér tvö dæmi.

Sögnum sem taka þolfalls- og þágufallsandlag er skipt í tvennt; „Verben des Bringens, Gebens und Mitteilens (portativen Verben)“ (bls. 210), t. d. *gefa*, og „Aktionen des Nehmens (detraktiven Verben)“ (bls. 211), t. d. *svipta*. Síðan er sagt að hjá þeim síðarnefndu sé röðin þgf. + þf., þegar „der bewegte Pol“ (þolfallið) sé hlutur; en öfug, ef hann er persóna. En hér kemur ekki fram það sem er meginatriði, og gildir fyrir allar tegundir tveggja andlaga sagna; að ef annað andlagið vísar til persónu (eða lifandi veru yfirleitt), þá stendur það á undan í eðlilegri orðaröð (*gefa e-m e-ð, svipta e-n e-u, lofa e-m e-u, biðja e-n e-s* o. s. frv.).

Þar sem fjallað er um forsetninguna með er skilmerkilega greint frá því að hún stjórni ýmist þolfalli eða þágufalli, og nefnd ýmis dæmi um hvort tveggja, og þeim skipt í undirflokka. Hins vegar er hvergi dreginn nógu vel fram sá munur á notkun

þf. og þgf. með *með* sem vel kemur fram í setningunum *hann kom með mig* og *hann kom með mér*. Í fyrra tilvikinu er það greinilega *ég* sem er þolandinn, *hann* sem er aktífur; í því seinna er *hann* passífur, *ég* miklu fremur aktífur. Munurinn er ekki alltaf nákvæmlega þessi, en a. m. k. hefur frumlagið ekki áhrif á fallorð fs. ef þgf. er notað. Þess vegna er miklu óeðlilegra — finnst mér — að breyta þgf. í þf. í *glas með vatn(i) en menn með vopn(um)* (bls. 205); glasið á erfiðara með að hafa áhrif á vatnið en mennirnir á vopnin (sjá nánar Gustavs 1982).

Þetta er reyndar eitt margra dæma um að ósambærilegum hlutum sé stillt upp saman. Á bls. 206 eru *ánægður með* og *fullur með* undir sama lið; á bls. 207 eru *búast við* og *gæta sín við* undir sama lið, og á bls. 209 *rífast við* og *eiga (hálfja jörð) við (son sinn)* undir sama lið; í öllum þessum dæmum er fyrra sambandið daglegt mál, hitt sjaldgæft.

Bent er réttilega á (bls. 193) að *á milli* og *á meðal* geti staðið á eftir orðinu sem þær stýra (*þeirra á meðal*); en þetta er tæplega hægt nema fallorð þeirra sér nafn; ??*Strákanna á milli* er a. m. k. hæpið. Þá er hæpið að segja (bls. 200) *Við vorum undir tvo tíma á leiðinni*; eðlilegt mál er *upp undir tvo tíma*.

Við fs. *fyrir* vantar merkingu þá sem fram kemur í setningum eins og *Hann gerði þetta fyrir mig*, þ. e. 'vegna þess að ég bað hann'. Þar sem fjallað er um fallstjórn staðaratviksorða (*upp, niður, ojar, neðar* o. s. frv.) (bls. 210) hefði þurft að nefna að oft er sagt *Hann er niður við ána* o. þ. u. l., þótt það þyki víst ekki „rétt“.

Ekki er ég alveg ánægður með að telja *saman* forsetningu í dæminu *mánuðum saman* (bls. 191). Við getum skeytt *saman* aftan við ýmis nöfn tímabila; *mánuðum saman, árum saman* o. s. frv. (hins vegar varla ??*minútum saman*); en þetta er ekki próduktíft. Þá finnst mér ankannalegt að telja *bak(i)* forsetningu í sambandinu *að baki styrjaldarrekstri* (bls. 192); og í *stað* forsetningu í sambandinu *í hennar stað* (bls. 194). Ég hefði flokkað hvort tveggja sem nafnorð, vegna þess að þau halda u. þ. b. nafnorðsmerkingu sinni og taka með sér fs., og eru þar frábrugðin *sakir/sökum*.

Kaflinn um fallstjórn sagna er góður, sérstaklega er gott að fá yfirlit yfir tveggja andlaga sagnir. Reynt er að tengja saman fallstjórn og merkingu, og er vissulega hægt að komast nokkuð áleiðis með það, en þör eins og *klára e-ð* og *ljúka e-u* sýna þó að það verður aldrei óbrigðult (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1983b). Einnig er gerð grein fyrir hvernig forsetningarliðir geta oft komið í stað andlags. Á einstöku stað er uppsetning þó villandi eins og þar sem *minnast e-s (á e-ð)* er sett upp saman með sömu þýðingu (bls. 220); merkingin er yfirleitt ekki sú sama.

Þá hefði mátt gera grein fyrir því að sagnir sem stjórna þolfalli eru langalgengastar, og nýjar sagnir virðast flestar stjórna þolfalli. Fallstjórn lýsingarorða sem standa sem sagnfyllingar er tekin með sögunum, en betra hefði verið að fjalla um hana sérstaklega, vegna þess að hún er ekki að öllu leyti sambærileg við fallstjórn sagna; t. d. stjórna lo. ekki þolfalli.

Ekki er mér alveg ljós munurinn á *að*-setningum sem frumlagi (bls. 238) og *að*-setningum sem „fungieren als Attribut (präpositionales Attribut) zu Substantiven des Hauptsatzes“ (bls. 241–242). Til fyrrnefnda flokksins telst t. d. setningin *það var mér sagt í bænum að þessi hjón hefðu tekið barnið af góðvilja*, en til hins

síðarnefnda t. d. *Það var gáfa föður míns að hann átti létt með að yrkja*. Ef átt er við að í fyrri setningunni sé það aukafrumlag, en raunverulegt frumlag í þeirri seinni, þá er það hæpið, því að ef um aukafrumlag væri að ræða ætti mér ekki að geta staðið næst á eftir sögninni; aukafrumlög eru aðeins notuð ef enginn nafnliður setningarinnar getur tekið að sér frumlagshlutverkið. Frumlagið í fyrri setningunni er því *Það að þessi hjón . . .*, en síðan er að-setningin flutt til hægri með fráfareru (sjá Höskuldur Þráinsson 1979, 4. kafli, og Halldór Ármann Sigurðsson 1981).

Nokkurt ósamræmi er í því hvernig höf. lítur á tengiorð aukasetninga. Þannig kallar hann *af því (að)*, *úr því (að)*, *með því (að)*, *vegna þess að* og jafnvel *vegna þess hvað* allt samtengingar (bls. 247). Hins vegar segir hann að afleiðingarsetningar séu tengdar „durch Kombinationen der Adverbien *svo*, *þannig* und des Adjektivs *slíkur* mit der Konjunktion *að* wie auch durch *svo* allein“ (bls. 249). Og um samanburðarsetningar segir hann að þær „werden eingeleitet durch verschiedene Adverbien und Adjektive in Verbindung mit den Konjunktionen *og*, *sem . . .*“ (bls. 259). Eðlilegast virðist að telja allar margyrta aukatengingar sambönd atviksorða (eða forsetninga) og tenginga (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1981).

Að lokum er kaflinn um orðaröð; hann er nokkuð góður, þótt segja megi að þær reglur sem þar eru settar upp séu of ákveðnar. Þó er undarlegt að ekki skuli minnst á stöðu sagnar fremst í setningu í frásögn, sérstaklega þar sem á við og dreif um setningafræðikaflann eru dæmasetningar með þeirri orðaröð.

Auk þess er, eins og áður er sagt, talsvert um setningafræði ýmissa sagnasambanda í beygingafræðikaflanum, og eru ýmsar góðar ábendingar í þeim kafla.

En það er ýmislegt sem vantar í setningafræðikaflann. Þar á meðal eru ýmis þau atriði sem mest hefur verið fjallað um í íslenskrí setningafræði á síðustu árum, og er mjög bagalegt að höf. skyldi ekki hafa undir höndum doktorsrit Höskuldur Þráinssonar (1979), þar sem mörg þessara atriða eru tekin fyrir. Hér er einkum um fimm atriði að ræða:

Í fyrsta lagi er það afturbeyging. Furðulegt er að nær ekkert skuli vera fjallað um þær flóknu reglur sem gilda um afturbeygingu í íslensku og tengsl hennar við hætti í aukasetningum (sjá t. d. Höskuldur Þráinsson 1976, Maling 1982, Anderson 1982). Einnig hefði verið gott að fá meiri umfjöllun um afturbeygðar sagnir og skiptingu þeirra (sjá Jón Friðjónsson 1980). Gagnverkandi fornöfn hefðu mátt fylgja hér með, en það þýðir víst lítið að fletta upp í handbókum, ef lýsa á notkun þeirra í nútímamáli.

Annað atriði eru aukafallsfrumlög. Eins og venja hefur verið greinir höf. *mig* í *mig dreymir* og *mig langar*, *mér* í *mér líkar* o. s. frv. ekki sem frumlag, þótt hann tali um „logisches Subjekt“ í slíkum samböndum. En á síðustu árum hafa ýmsir fært rök að því, að frá setningafræðilegu sjónarmiði sé eðlilegt að greina þessa liði sem frumlög (sjá einkum Höskuldur Þráinsson 1979). Drepið er á þessi sambönd á við og dreif um bókina, en gott hefði verið að fá umfjöllun um þau á einum stað, þar sem dregið væri fram að yfirleitt er um sagnir af sama merkingarflokki að ræða. Í því sambandi mætti líka nefna „þágufallssýkina“, sem er að engu getið, eins og áður segir.

það. Á nokkrum stöðum er dregið á notkun aukafrumlagsins það (t. d. bls. 264, 270), en þurft hefði að gera það á skipulegan hátt, þar sem sýnt væri eðli þessa kvikindis, s. s. að það getur aðeins staðið fremst í setningu, tengsl þess við ákveðni frumlagsins, o. s. frv. Þegar talað er um veðurfarssagnir er þess getið að með þeim megi nota það eða hann (bls. 264); en gera þyrfti grein fyrir því að staða þessara tveggja orða er mjög ólík í þessum samböndum.

Í forsetningakaflanum hefði þurft að taka fyrir svonefndar *agnir* (particles), sem oft líta út eins og forsetningar eða atviksorð, en hafa aðra setningafræðilega eiginleika; nefna má dæmi eins og *til* í sambandinu *gera til, upp* í sambandinu *gera upp* o. fl. Þessar *agnir* hvorki stjórna falli nafnliða né mynda setningarliði með þeim, eins og forsetningar gera; en auðvelt er fyrir útlendinga að villast á þeim og fs., t. d. í þörum eins og *Jón ók niður brekkuna* og *Jón ók niður gömlu konuna*.

Síðasta atriðið sem ég nefni er alls kyns eyðingar eða brottfall liða. Hvergi er gerð skipuleg grein fyrir því hvenær megi sleppa setningarliðum í hliðskipun, vegna þess að þeir hafa áður verið nefndir (tengingeyðing o. þ. u. l., sjá t. d. Jakob Jóh. Smári 1920).

5.

Að endingu skal þess getið að frágangur á bókinni er góður; ég fann rúmlega 20 prentvillur í íslensku dæmunum, allar meinlitlar, og verður það ekki talið mikið í svo efnismikilli bók, prentaðri erlendis. Þýsku þýðingarnar á íslensku dæmunum athugaði ég ekki vandlega, en sýndist þær yfirleitt réttar; þó er hæpið að þýða ao. *hart* bara með 'schnell' (bls. 95).

Þótt ég hafi gert ýmsar athugasemdir við þessa bók, bæði í heild og einstök atriði, vil ég að endingu leggja áherslu á að hér er á ferðum geysimikið og vandað verk, sem tekur fyrir öll helstu atriði íslensks nútímamáls og lýsir þeim vel; villur eru sárafáar miðað við það sem réttilega er sagt, og margt tekið fyrir sem ekki hefur áður verið lýst jafn ítarlega. Sú gagnrýni sem ég hef haft hér uppi á ekki frekar við þessa bók en aðrar lýsingar íslensks nútímamáls, en þessi bók hefur margt fram yfir þær flestar. Ef efnisskipan bókarinnar yrði bætt dálítið, örfáar villur leiðréttar og nokkrum atriðum bætt við í setningafræðikaflann, yrði þetta afbrigðsbók.

HEIMILDASKRÁ

- Anderson, Stephen R. 1982. Types of Dependency in Anaphors: Icelandic (and other) Reflexives. Væntanl. í *Journal of Linguistic Research*.
- Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki.“ Breytingar á fallnotkun í frumlagssæti ópersónulegra setninga. *Íslenskt mál* 4:19–62.
- Baldur Jónsson. 1982. Um tvenns konar *lt*-framburð. *Íslenskt mál* 4:87–115.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1983a. *Íslensk orðhlutafræði*. [Fjölrit.] Reykjavík.
- . 1983b. Þágufallssýkin og fallakerfi íslensku. *Skíma* 6,2:3–6.
- Gustavs, Owe. 1982. Entstehung und Funktion isländischer Akkusativkonstruktionen bei der Präposition *með* 'mit'. *Íslenskt mál* 4:117–157.

- Halldór Ármann Sigurðsson. 1981. Fleiryrtar aukatengingar? *Íslenskt mál* 3:59–76.
- . 1982. *Um beygingarflokkun veikra sagna í íslensku*. [Fjölrít.] Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1965. Ritdómur um *Laut- und Formenlehre des Isländischen* eftir Bruno Kress. *Íslensk tunga* 6:108–117.
- Höskuldur Þráinsson. 1976. Reflexives and Subjunctives in Icelandic. *Papers from the Sixth Meeting of the North Eastern Linguistic Society*, bls. 225–239.
- . 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.
- . 1980. Tilvísunarfornöfn? *Íslenskt mál* 2:53–96.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Jón Friðjónsson. 1980. Sambeyging með afturbeygðum sögnum. *Íslenskt mál* 2:97–117.
- Kress, Bruno. 1937. *Die Laute des Modernen Isländischen*. Berlin.
- . 1963. *Laut- und Formenlehre des Isländischen*. VEB Max Niemeyer Verlag, Halle (Saale).
- Kristján Árnason. 1980. *Quantity in Historical Phonology: Icelandic and Related Cases*. Cambridge University Press, Cambridge.
- . 1983. Áhersla og hrynjandi í íslenskum orðum. *Íslenskt mál* 5 (þetta hefti).
- Magnús Pétursson. 1976. *Drög að almennri og íslenskri hljóðfræði*. Iðunn, Reykjavík.
- Maling, Joan. 1982. Non-Clause Bounded Reflexives in Icelandic. Thorstein Fretheim & Lars Hellan (ritstj.): *Papers from the Sixth Scandinavian Conference of Linguistics*, bls. 90–106. Tapir, Trondheim.
- Orešnik, Janez. 1980. Um stýfðan boðhátt í íslensku. *Skíma* 3,3:7–9.
- Sigrún Þorgeirsdóttir. 1982. *Tvær tilraunir til flokkunar sterkra sagna í íslensku*. Óprentuð B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Stefán Einarsson. 1949. *Icelandic Grammar. Texts. Glossary*. 2. útg. The Johns Hopkins Press, Baltimore.
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslensk Grammatik*. Íslensk Nutidssprog. H. Hagerups Forlag, Kaupmannahöfn.

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands,
Reykjavík